Bæjarstjórn - 1985

FUNDARBOÐ

1985. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 18. nóvember 2026 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2610668 - Hvaleyrarbraut 22, breyting á deiliskipulagi

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.nóvember sl.
Guðmundur Gunnlaugsson f.h. Dverghamra ehf. sækir 27.10.2026 um breytingu á deiliskipulagi. Skipulagshöfundur mætir til fundarins og kynnir.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa deiliskipulag Hvaleyrarbrautar 22.

2. 2604031 - Undirhlíðar breyting á deiliskipulag

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.nóvember sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. september 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðanámu við Leiðarendaveg en svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Tillagan var í kynningu 17.9-29.10.2026. Athugasemdir sem bárust á kynningartíma lagðar fram ásamt viðbrögðum bæjarins.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðanámu til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2611230 - Reglur um nýjar fjárfestingar

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. nóvember sl.
Lögð fram drög að reglum um takmörkun nýrra fjárfestinga sveitarfélagsins til næstu tveggja ára

Fulltrúi Miðflokksins leggur til eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi drögum að reglum um fjárfestingarverkefni Hafnarfjarðarbæjar árið 2027:

1. Forgangsröðun óhafinna framkvæmda
Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
?Nýframkvæmdir sem hvorki eru hafnar né bundnar samningi við þriðja aðila skulu sæta sérstakri forgangsröðun bæjarráðs áður en til útboðs eða annarrar bindandi skuldbindingar kemur, þótt þær séu þegar á samþykktri fjárfestingaráætlun.?

2. Framlög samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins
Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
?Reglur þessar taka einnig til fjárfestingaframlaga og fjárskuldbindinga Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Áður en stofnað er til nýrra eða aukinna fjárskuldbindinga umfram gildandi samninga skal leggja fyrir bæjarstjórn sérstakt mat á fjárhagslegum áhrifum þeirra og fjármögnun. Fjármálasvið skal ársfjórðungslega leggja fyrir bæjarráð yfirlit yfir greiðslur bæjarins samkvæmt sáttmálanum og áætlaðar eftirstöðvar skuldbindinga.?

Bæjarráð vísar reglunum til staðfestingar í bæjarstjórn og felur bæjarstjóra um leið að vinna reglurnar fyrir fund bæjarstjórnar í samræmi við umræður.

4. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.nóvember sl.
Fulltrúi Framsóknarflokksins og Miðflokksins óska eftir málinu á dagskrá. Til umræðu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram með forsvarsmönnum Skólastræti ehf. og málið verði lagt fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar.

5. 2502769 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029

Til afgreiðslu.
Lagður fram viðauki 7 vegna samnings um lok þátttöku Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu um byggingu nýrra höfuðstöðva fyrir Tækniskólann.

6. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Fulltrúi Miðflokksins óskar eftir málinu á dagskrá bæjarstjórnar:
Til afgreiðslu.
Tillaga um þátttöku Hafnarfjarðar í endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir:
1. Að fela bæjarstjóra að taka þátt í viðræðum við ríkið og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og fjármögnun hans, sbr. og endurskoðunarákvæði 7. gr. sáttmálans. Tryggt verði að endurskoðun tefji ekki nauðsynlegar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu.
2. Að í viðræðunum leggi Hafnarfjörður áherslu á:
a. að Reykjanesbraut milli Álftanesvegar og Lækjargötu og bætt umferðarstýring verði færð framar í framkvæmdaröð;
b. að gerð verði sérstök kostnaðar- og ábatagreining á lotu 4 Borgarlínu, Fjörður?Miklabraut, þar sem hún er borin saman við hraðvagnakerfi á forgangsakreinum sem getur þjónað Hafnfirðingum fyrr og þrengir ekki að almennri umferð; greiningin liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2027 og áður en bærinn tekur á sig frekari skuldbindingar vegna lotunnar;
c. að leggjast gegn því að sáttmálinn verði fjármagnaður með aukinni skattheimtu, hvort sem skattheimtan nefnist flýti- og umferðargjöld eða annað.
3. Að fela bæjarstjóra að fylgja eftir á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tímabundinni lækkun á framlagi ríkisins til Betri samgangna

ohf. árið 2027, og óska eftir að framlag Hafnarfjarðar það ár frestist hlutfallslega til jafns við framlag ríkisins.
4. Að skuldbinding bæjarins samkvæmt sáttmálanum verði sýnd sérstaklega í fjárhagsáætlun 2027?2030.

Bæjarstjóri upplýsi bæjarstjórn um framvindu viðræðna eigi síðar en 1. mars 2027.

7. 2611337 - Málnotkun Hafnarfjarðarbæjar, tillaga

Fulltrúi Miðflokksins óskar eftir málinu á dagskrá bæjarstjórnar.
Til afgreiðslu.

Tillaga um málnotkun Hafnarfjarðarbæjar
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að Hafnarfjarðarbær noti vandað og hefðbundið íslenskt mál í öllu efni sem gefið er út í nafni bæjarins og stofnana hans, svo sem í tilkynningum, auglýsingum, á vef og á samfélagsmiðlum. Í samræmi við þetta verði fylgt opinberum ritreglum og viðtekinni málvenju um málfræðilegt kyn. Þegar vísað er til fólks almennt eða hóps af óákveðnu kyni verði notað sjálfgefið málfræðilegt kyn, sem er hin hefðbundna málnotkun í íslensku, til dæmis ?allir velkomnir? en ekki ?öll velkomin?.

Bæjarstjórn felur forsetanefnd að móta bænum málstefnu á þessum grunni, sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og leggja hana fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. mars 2027.

8. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.nóvember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 12.nóvember sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28.október sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 4.nóvember sl.
c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskrá sveitarfélaga frá 30.október sl.
d. Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 16. október sl.
e. Fundargerð stjórnar SSH frá 2. nóvember sl.
f. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 15.október og 5.nóvember sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 11.nóvember sl.
a. Fundargerðir íþrótta- og tómstundanefndar frá 6. og 20. október og 3. nóvember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 11.nóvember sl.
a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15.október sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 10.nóvember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 16. nóvember sl.

16.11.2026

Þórður Þórarinsson bæjarstjóri